

## **ÞINGLÝSINGAR (15%)**

1. Eftirfarandi skjölum var þinglýst á tiltekna fasteign. Raðið skjölunum í forgangsröð þannig að það skjal sem fremst gengur sé nr. 1 o.s.frv. (5%)

- \_\_\_ a. Fjárnám gert í eigninni 17. september 2006, kl. 9:35, barst til þinglýsingar sama dag kl. 15:00.
- \_\_\_ b. Veðskuldabréf, dags. 2. júlí 2006, barst til þinglýsingar 17. september s.á. kl. 15:25.
- \_\_\_ c. Fjárnám gert í eigninni 13. ágúst 2006, barst til þinglýsingar 18. september s.á. kl. 13:01.
- \_\_\_ d. Fjárnám gert í eigninni 18. september 2006, kl. 14:45, barst til þinglýsingar sama dag kl. 15:23.

2. Gerið í stuttu máli grein fyrir því hvað felst í áreiðanleika þinglýsingabóka. (10%)

## **VEÐRÉTTUR (25%)**

1. Gerið grein fyrir reglum íslensks réttar um uppfærslurétt veðhafa. (12,5%)

2. Gerið grein fyrir og fjallið um þær reglur sem gilda um tilgreiningu veðkröfu í veðskjali (tilgreiningarreglan). (12,5%)